

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

117. fundur landbúnaðarráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 13. febrúar 2013 kl. 13:00 í Ráðhúsi Húnaþings vestra. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Viðræður við Ingvar J. Jóhannsson, eftirlitsmann með lausagöngu búfjár.
2. Bréf Kristófers Jóhannessonar v/ vetrarveiða á ref.
3. Upplýsingar um refa- og minkaveiði ársins 2012.
4. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Ingvar J. Jóhannsson, eftirlitsmaður með lausagöngu búfjár er mættur til fundar við landbúnaðarráð. Lagði hann fram til kynningar skýrslu um störf sín vegna lausagöngu búfjár á árinu 2012. Farið var yfir einstök atriði skýrslunnar m.a. misjöfn viðbrögð búfjáreigenda vegna tilkynninga um lausagöngu, ástand girðinga o.fl. Landbúnaðarráð lýsir ánægju með störf Ingvars og hvetur búfjáreigendur til að bregðast með jákvæðum hætti við tilmælum hans v/ lausagöngu búfjár. Landbúnaðarráð felur sveitarstjóra og eftirlitsmanni að kynna fulltrúum Vegagerðarinnar skýrsluna og fara yfir atriði er snerta viðhald girðinga á vegsvæðum þar sem lausaganga búfjár hefur verið bönnuð.

2. Fram lagt bréf frá Kristófer Jóhannessyni þar sem spurst er fyrir um hvort til standi að taka á ný upp greiðslur fyrir vetrarveidda refi. Sjá afgreiðslu 3. liðar.

3. Lagðar fram upplýsingar um refa- og minkaveiði frá 1. september 2011 til 31. ágúst 2012. Kostnaður Húnaþings vestra vegna refa- og minkaveiði á þessu tímabili er alls kr. 5.251.287- Unnin grendýr voru alls 70, yrðlingar alls 156, hlaupadýr alls 24 og minkar alls 77. Vakin er athygli á því að kostnaður og fjöldi veiddra dýra á við um sameinað sveitarfélag Bæjarhrepps og Húnaþings vestra.

Að lokinni ítarlegri skoðun landbúnaðarráðs leggur ráðið til við sveitarstjórn að vetrarveiði á ref verði tekin upp að nýju haustið 2013. Þá verði miðað við að þeir sem hyggist stunda vetrarveiðar á ref sækji um leyfi til þess til landbúnaðarráðs. Miðað verði við að heildarfjárhæð sem veitt verði til vetrarveiða á ref verði að hámarki kr. 500.000- á ári og að kr. 4.000- verði greiddar fyrir hvert unnið dýr en landbúnaðarráð mun móta frekari reglur eða viðmið um greiðslur til veiðimanna verði tillaga ráðsins samþykkt.

4. Önnur mál.

A) Landbúnaðarráð samþykkir að boða fulltrúa fjallskiladeilda til fundar vegna notkunar hjóla við fjallskil.

B) Samþykkt að næsti fundi verði haldinn þann 27. febrúar nk.

Fulltrúi S- lista og varamaður hans boðuðu forföll.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:30

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir(sign.),
Þóra Kristín Loftsdóttir(sign.),
Jóhann Ragnarsson(sign.),

Skúli Þórðarson(sign.),
Sigtryggur Sigurvaldason(sign.),
Þorsteinn B. Helgason(sign.).